

Skrá 17a. Refagildirur úr grjóti

Refagildirur

Sums staðar þekkjast örnefni eins og Gildruholt og Gildrumelur, og munu þau vera dregin af refagildrum, hlöðnum úr grjóti. – Í því skyni að kanna, hve útbreidd veiði í slíkar gildirur hefur verið hér á landi fyrrum, óskum við eftir upplýsingum um þær.

1. Þekkja heimildarmenn örnefni, sem dregin eru af orðinu gildra? Ef svo er væri æskilegt að fá stuttorða lýsingu á staðháttum.
2. Sjást slíkar gildirur eða leifar af þeim enn á þeim stöðum eða annars staðar?
3. Kunnna menn nokkuð að segja frá, hvenær þær hafa verið notaðar eða hverjir það hafa gert?
4. Er nokkuð vitað um veiðiaðferðina fram yfir það, sem ráða má af gildrunum sjálfum?

Vinsamlegast skrifið svörin á sérstök blöð.